

## Skólaþing nemenda í 5.-10. bekk 2018.

Einn af grunnþáttum menntunar í grunnskóla er lýðræði og mannréttindi. Í Víkurskóla leggjum við áherslu á þjálfna börn í samræðum og virkri hlustun. Viðleitni í átt er skólaþing nemenda. Við héldum slíkt þing - miðvikudaginn 17. nóvember með þátttöku nemenda í 5.-10. bekk. Viðfangsefni þingsins voru málefni sem tengjast skólanum með beinum hætti og eru nemendum mjög hugleikin; samskipti, námið, skólaumhverfið, félagslíf og matur/morgunhressing. Nemendum var skipt í 5 hópa og fengu allir tækifæri á að ræða öll málefni og hópstjórar sáu um að skrá niður það sem rætt var. Í framhaldinu voru niðurstöðurnar skráðar á töflu og síðan sáu kennarar um að skrá þær í tölvu og flokka. Frekari úrvinnsla fer svo fram hjá nemendum og verður grunnur að úrbótum á því sem nemendum finnst helst þurfa.



þá

Krakkarnir stóðu sig með sóma og þau voru mjög ánægð með að fá að tjá sig og koma sínum skoðunum á framfæri.

Hér fyrir neðan má sjá samantekt og úrbótaáætlun til að vinna með óskir nemenda.

## Skólaþing Víkurskóla 2018-Tillögur að úrbótum

*Atriði merkt gul eru þau sem oftast voru nefnd í hverjum flokki*

### Samskipti

- Vinna meira saman, meiri blöndun milli hópa
- Fleiri spil og minna rifrildi**
- Bæta samskipti allra hópa (yngri og eldri, stelpna og stráka) og sýna meiri virðingu
- Vanda orðaval í samskiptum (nemendur og starfsfólk)
- Meiri tillitssemi, minna skvaldur í tímum og í mötuneyti**

### Námið

- Heimanámstímar**
- Blandaðir hópar (eldri/yngri), meira samstarf milli aldurshópa
- Meira námsframboð í vali: Söngur, tungumál, bakstur og handavinna**
- Lengri frímínútur
- Meiri innlagn og útskýringar í tímum
- Stytta áætlanir
- Skóli byrja seinna
- Útikennslusvæði til að læra um náttúruna og dýralífið

### Skólaumhverfið

- Nýir boltar (fótboltar, skotboltar, körfuboltar)
- Laga körfuboltavöllinn
- Laga sparkvöllinn, bæði netin, gervigrasið og grindverkið**
- Fleiri rólur og stærri kastala
- Loftdýna eða trampólín
- Draga fyrir loftgluggana
- Endurnýja klósettin og vaska í stofum**
- Loka stofum á austurgangi (7.-8. bekk og 9.-10. bekk)
- Stærra reiðhjólsvæði
- Dimmer á ljósinn

### Félagslífið

- a) Fleiri skemmtanir á mið- og unglíngastig (böll, bekkjarkvöld)
- b) Þjóða öðrum skólum oftar til okkar
- c) Pool-borð og borðtennis
- d) Fleiri vettvangsferðir
- e) Bíóferð
- f) Fleiri uppbrotsdagar, t.d. pizzudagur, nammidagur, kósýdagur, furðufatadagur, blár dagur...

## Matur og morgunhressing

- a) Meiri fjölbreytni í meðlæti
- b) Mangó og melónur í morgunhressingu
- c) Hádegismat á föstudögum
- d) Plan B ef matur klárast
- e) Meira grænmeti í morgunhressingu
- f) Elda í skólanum
- g) Sjaldnar fiskur
- h) Oftar pasta, pizza, tortilla, kjúklingur og kartöflubátar
- i) Skammta matinn sjálf